

3 Svefnherbergi Einbýlishús in Vistabella Golf

Ref: V328

349.000€



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi :
Vistabella Golf

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Val

Garður : Já

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 109,23 m²

Stærð lóðar : 221 m²

Stærð verandar : 31,4 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 20 min

Borg : 5 min

Golf : 2 min

- ✓ Geymsla
- ✓ Innbyggð loftkæling

- ✓ Sólarorka

- ✓ Verönd

Hágæða einbýlishús í nýjum kjarna á stórkostlegum stað en þær eru staðsettar við hinn glæsilega 18 holu Vistabella Golfvöll. Svæðið í kring er sannkölluð paradís þar sem öll nauðsinleg þjónusta er innan seilingar, en þar er að finna apótek, matvöruverslanir, veitingahús og bari. Einnig er næga afþreyingu að finna á svæðinu, aðgangur að paddle tennisvöllum og bocce völlum stendur einnig íbúum til boða sem og golfkennsla fyrir þá sem vilja.

Þetta glæsilega hús er á tveim hæðum eða 109,23 m² að stærð með tveim hjónasvítum með sér baðherbergi á efri hæð og auka svefnherbergi á neðri hæð sem og auka baðherbergi. Stofa og eldhús eru svo í einu stóru alrími með mjög góðu flæði og góða tengingu við útisvæði en þar er stór pallur og bílastæði innan lóðar. Fyrir þá sem vilja er einnig hægt að bæta við sundlaug sem og þaksvöllum. Húsið er staðsett inn í lokuðu hverfi og er þar sólahrings öryggisgæsla. Erum með mikið úrval annarra eigna til sölu í þessu magnaða hverfi.

Gæði eignarinnar, staðsetning og nálægð við alla þjónustu gera eignina þína að hinum fullkomna áfangastað hvort sem er til skammtíma eða langtíma dvalar.

Auk allrar þeirra þjónustu sem Vistabella Golf býður uppá er stutt að fara til að bæta við flórana en Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 15 mínútna ökuþjónuð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, hvort sem þú villt spila heimaþvöllinn þinn Vistabella Golf, eða reyna við aðra velli í nágrenninu, en 8 átján holu vellir eru í innan við 20 mínútna fjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuþjónuð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá nánari upplýsingar um þessa eign.